

AUGLÝSING

um deiliskipulag, Mjólkárvirgjun, Borgarfirði, Arnarfirði, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. apríl 2010 var samþykkt deiliskipulag Mjólkárvirgjunar sem er í landi Borgar í Borgarfirði í Arnarfirði, Ísafjarðarbæ.

Skipulagssvæðið er rúmir 19 km² að stærð. Stærstur hluti þess liggur á Glámuhálendinu, en svæðið liggur að sjó í Borgarfirði. Allt svæðið er á svæði sem nýtur hverfisverndar skv. aðal- skipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 5. júlí 2010.

Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs.

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2010